

**305. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Klöpp,
mánudaginn 19. ágúst 2024 og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía
Sigurmundsdóttir varaformaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Sigurður
Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Karl Jóhann
Haagensen byggingarfulltrúi, Lárus Ársælsson umhverfisstjóri og Anna María
Þráinsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Lárus Ársælsson, umhverfisstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2408110 - Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Fulltrúar frá Merkjaklöpp ehf, Alexander Eiríksson og Guðmundur Sveinn
Einarsson, mæta á fundinn og kynna hugmynd að hóteli við Garðavöll með
tengingu við golfskálann.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar góða kynningu.
Alexander og Guðmundur véku af fundi eftir þennan dagskrárlið.*

2. 2311273 - Keilufélag Akraness - húsnæðismál

Kostnaðaráætlun fyrir endurbætur á loftræsingu í keilusal og viðgerð á anddyri
lögð fram.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir endurbætur í samræmi við framlagða
kostnaðaráætlun.*

3. 2408106 - Umferðaröryggi við Brekkubæjarskóla, Garðasel og Vallarsel

Ábendingar hafa borist um umferðaröryggi við Brekkubæjarskóla, Garðasel og
Vallarsel.

*Skipulags- og umhverfisráð tekur undir áhyggjur um umferðaröryggi við skóla- og
íþróttamannvirki, og felur sviðsstjóra að koma með tillögur að úrbótum.*

4. 2407172 - Háholt 31 - fyrirspurn til byggingarfulltrúa

Umsókn lóðarhafa á Háholti 31 um breytingu á deiliskipulagi Stofnanareits.
Breytingin felst í byggingu fjögurra þakkvista á íbúðarhúsið Háholti 31.

*Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í erindið. Erindið verður grenndarkynnt
þegar fullnægjandi gögn berast.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.

